



BORGARRÁÐ 3. september 2026: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samninga við Hjólabúa og Farfugla og kostnað þeim tengdum

Óskað er eftir upplýsingum um eftirfarandi: A. Stöðu á leigusamningi Hjólabúa um svæðið að Sævarhöfða 31. Hefur Reykjavíkurborg sagt samningnum upp? Ef uppsögn hefur farið fram er óskað upplýsinga og gagna um uppsögnina, hver sagði samningnum upp og á hvaða grundvelli? Jafnframt er óskað upplýsinga um það hvort heimildar hafi aflað fyrir uppsögninni hjá umhverfis- og skipulagsráði eða borgarráði? B. Gögnum um kostnaðarmatið sem umhverfis- og skipulagssvið gerði við að koma upp svæði fyrir hjólabúa í Gufunesi. Hvenær var kostnaðarmatið unnið og hvaða forsendur voru gefnar fyrir upphæðinni 50-100 milljónir? Tekur það kostnaðarmat til greina að kostnaður við rekstur og viðhald myndi ekki falla á borgina samkvæmt afnotasamningnum? C. Gögnum um rekstarsamning við Farfugla um tjaldsvæðið í Laugardalnum. Hvenær var hann undirritaður og til hve langs tíma? Jafnframt er beðið um upplýsingar hvernig staðið var á auglýsingu á rekstrinum þegar síðasti samningur rann út? D. Gögnum um útlagðan kostnað borgarinnar varðandi hjólabúa. Annars vegar hve mikið var greitt fyrir leigusamning í Laugardalnum og hve stórt hlutfall af þeirri upphæð var mætt með leigu hjólabúa. Hins vegar hve mikið var greitt fyrir rafmagnskostnað á Sævarhöfða og hve stórt hlutfall af þeirra upphæð var mætt með leigu hjólabúa. Jafnframt er beðið um upplýsingar ef leiga mætti ekki kostnaði hvernig samskipti voru við hjólabúa um að hækka leigu til að mæta kostnaði?

